

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis 2011

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis 2011, haldinn á Kirkjubæjarklaustri laugardaginn 26. mars 2011.

Fyrir fundinn var helgistund í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar í umsjón sóknarprestisins sr. Ingólfs Hartvígssonar. Í hugleiðingu hans kom fram að okkur sem kristnum manneskjum bæri að reyna að hafa áhrif á okkar samfélag, þjóðfélag og heim allan.

Gengið var til félagsheimilisins og horft á kvikmyndina „Eldmessan“ í boði heimamanna.

Síðan var gengið til fundar á Hótel Klaustri.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Prófastur tilnefndi Jón Helgason í Seglbúðum fundarstjóra og sr. Axel Árnason Njarðvík fundarritara.

2. Yfirlitsskýrsla prófasts.

Prófastur sr. Halldóra Þorvarðardóttir hóf mál sitt á því að þakka heimafólki er bar hita undirbúnings móttökurnar og gestrisni alla. Þá ræddi hún um að náttúruöflin hefur sett mark á Suðurland á síðasta ári. Eldgosið í Eyjafjallajökli hefur látið Eyfellinga og V-Skaftfellinga finna fyrir því hvað það getur kostað að búa undir virkum eldfjöllum og í námunda við þau. Það hefur verið ánægjulegt og lærdómsríkt að sjá samheldnina meðal íbúanna og þá ekki síður þjóðarinnar sem hefur lyft grettistaki varðandi hreinsunarstörf, aðstoð og stuðning allann í tengslum við þessa miklu vá sem ekki enn er séð fyrir endann á. Rangæingar og Skaftfellingar sýna, sagði hún, eindæma æðruleysi og hugrekki og halda áfram, með þá trú að leiðarljósi að öll él birtir upp um síðir.

Hún sagði að kirkjulegt starf í prófastsdæminu hafi farið fram með venjubundnu sniði á síðasta ári og benti á að messan væri miðja hins kirkjulega starfs í hverju prestakalli. Hún gat þess að héraðsnefnd væri sér vitandi um mikilvægi barna- og æskulýðsstarfs kirkjunnar og vildi leggja sitt af mörkum að styðja við það eftir mætti og það starf einmitt verið stærsti útgjaldaliður héraðssjóðs síðasta árs.

Námsdagur presta var haldinn í Skálholti um miðjan október. Prestarnir koma enn fremur saman til fundar einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Prestarnir í Árnassýslu hafa deilt því með sér að halda uppi prests- og sálgæsluþjónustu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, bæði sjúkrahúsið og elliheimilið, og samningur hefur verið milli prófastsdæmisins og Heilbrigðisstofnunar þar sem kveðið er á um ákveðna greiðslu upp í kostnað við prestsþjónustuna við stofnunina. Þetta hefur gefið góða raun og er vel þakkað af hálfu sjúkrahússins og elliheimilsins, en sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson hefur haldið utan um skipulagningarþáttinn um viðveru prestanna.

Hjálparsjóður þeirra í Árnassýslu hefur sannað gildi sitt, en til hans var stofnað fyrir nokkrum árum af Árnesdeild Rauða krossins, ýmissa félagasamtaka félagsþjónustu og kirkjunnar á svæðinu, sjóður til stuðnings þeirra er standa höllum fæti í þjóðfélaginu og er úthlutað úr honum fyrir jól og í tengslum við fermingar. Sr. Sveinn Valgeirsson er fulltrúi kirkjunnar í stjórn sjóðsins.

Prófastur gat þess að í auglýsingu væri skrifstofuaðstaða fyrir prófastsdæmið í nýja húsnæðinu sem sóknarnefnd Oddasóknar er að koma sér upp á Hellu.

Prófastur sagði að þær breytingar hefðu orðið á prestakallaskipan að með starfslokum sr. Halldórs í Holti þann 1. febrúar sl. var Holtsprestakall lagt niður og sameinað Breiðabólstaðarprestakalli og Víkurprestakalli. Og, í vendum er samruni Hafnarprestakalls og Kálfafellsprestakalls við starfslok sr. Einars Jónssonar í vor. Hún þakkaði þeim báðum fyrir hönd kirkjunnar allt þeirra trúa og farsæla

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis 2011

starf á vettvangi kirkjunnar um langt árabil og samfylgdina um farinn veg og það þeim og fjölskyldum þeirra Guðs blessunar í bráð og lengd. Var þeim færð gjöf að skilnaði og risu fundarmenn á fætur og hylltu þá.

Prófastur greindi frá því að Kristinn Ólason rektor í Skálholti var vígður til prestsþjónustu í Skálholti þann 24. okt.sl. og var það síðasta prestsverk vígslubiskups heitins sr. Sigurðar Sigurðarsonar en hann andaðist þann 25. nóvember sl.

Að lokum færði prófastur ómældar þakkir prestum, sóknarnefndarfólki, kórfélögum, organistum, meðhjálpurum, hringjurum og öllum þeim sem við kirkjuna starfa eða koma að málefnum hennar á einn eða annan hátt, fyrir þeirra góðu störf og það að Guðs andi leiddi og styddi til góðra verka úti á akri Drottins.

3. Ársreikningar héraðssjóðs.

Magnús Kristinsson gjaldkeri héraðsnefndar las og skýrði ársreikning héraðssjóðs og lagði fram fjárhagsáætlun næsta árs. Í máli hans kom fram að tekjur sókna og þar með héraðssjóðs hefðu verið skornar niður um 10% í fyrra (2009) og 10 % til viðbótar á næsta ári (2011). Ársreikningur héraðssjóðs var borinn upp og fjárhagsáætlun og samþykkt samhljóða.

4. Starfsskýrslur sókna, nefnda og héraðsprests lagðar fram svo og ársreikningar sókna og kirkjugarða.

Óskar Magnússon formaður Breiðabólstaðarsóknar kvaddi sér hljóðs undir þessum lið vegna starfsskýrslna sókna. Hann sagði að sér þætti ekki mikið á sóknarnefndarfólk hlustað og því síður varðandi formlegar ákvarðanir. Óskar gerði athugasemdir við hugmyndir að samstarfssvæðum, og taldi slíkt fyrirkomulag vera sem lag inn á milli hefðbundins skipulags; - sókn, prestakall, prófastsdæmi. Hann taldi að það hefði í för með sé að að yfirstjórnin fjarlægist sóknarbörnin. Óskar sagði að Þjóðkirkjan hefði átt undir högg að sækja að undanförmu og það gerði kirkjunni erfitt fyrir ef sífelldar deilur blossuðu upp í sóknunum eins og gerst hefur ítrekað í stærstu sókn Suðurprófastsdæmis. Hann sagði grátlegt að fylgjast með þeim ósköpum sem þarna gengi á og ylli allri Þjóðkirkjunni ómældum erfiðleikum. Óskar lauk lestri sínum með hvattingarorðum til sóknarnefnda að auka veg Þjóðkirkjunnar og starf hennar í sóknum á allan hátt og gera kirkjuna að miðdepli í því starfi sem fram fer í sveitum landsins. Hann hvatti kirkjufólk til að taka forystuna og hefja nýja sókn, stórsókn kirkjunnar.

Sr. Baldur Kristjánsson þakkaði Óskari fyrir ræðuna þó hann væri honum ekki sammála og vildi ekki gefa samstarfssvæði upp á bátinn. Góði kosturinn við stór prófastsdæmi er að þar er síður smæðin og nándin sen gera hlutina oft erfiðari.

Sr. Halldór Gunnarsson tók til máls og sagði að verja yrði Þjóðkirkjuna gegn áróðri og vörn er ekki til, aðeins sókn. Við verðum að segja frá því ágæta starfi sem er unnið í sóknum úti á landi.

5. Kirkjupingsmál.

Pétur Hafstein forseti kirkjupings drap á nokkur helstu mál kirkjupings 2010. Þá kom hann inn á þýðingarmikil störf þjóðmálanefndar. Hann rakti hvernig kirkjan hefur breyst síðan 1997. Kirkjan væri ekki ríkiskirkja og það væri ósættanleg þversögn að allir helstu embættismenn hennar væru ríkisstarfsmenn. Þá ræddi Pétur nauðsyn þess að styrkja vígslubiskupsembættið.

Pétur fjallaði um kjör til kirkjupings. Fyrirkomulagið í dag væri ólýðræðislegt. Hann vill að allt kirkjufólk fái að kjósa leikmenn á kirkjuping. Grundvallatriði væri að auka lýðræði innan kirkjunnar og rýmka kosningarétt þeirra sem kjósa leikmenn. Jafna þyrfti vægi atkvæða. Bilið í dag væri frá 4 atkvæðum upp í 80 á bak við þingfulltrúa og það gangi ekki. Hann ræddi þann möguleika að hætt yrði að gera greinarmun á kosningu vígðra og leikra. Yrði það ekki gert þyrfti að fækka

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis 2011

kjördeildum vígðra. Þetta væri gífurlega þýðingarmikið mál og skipti máli um það hvort Þjóðkirkjan geti talist lýðræðisleg eða ekki.

Hann ræddi um nýlega breytingu á hjúskaparlögum sem gerð var án alls samráðs við Þjóðkirkjuna. Það væri einsdæmi í samskiptum ríkis og kirkju en kirkjuþing hefði tekið á því máli með miklum sóma.

Pétur tók næst fyrir viðauka við kirkjujarðasamkomulagið, þar sem fallist var á tímabundna skerðingu fjárframlaga frá ríkinu. Þjóðkirkjan hefði tekið á sig byrðar eins og allir í samfélaginu. Það skipti miklu máli að þetta var gert með samkomulagi við ríkið en ekki boðvaldi ríkisins. Það hefur styrkt samningsstöðu Þjóðkirkjunnar gagnvart ríkinu um ókomna tíð. Þetta yrði að hafa í huga ef skilið yrði milli ríkis og kirkju að fullu. Þótt svo verði gert stæði kirkjujarðasamkomulagið óhaggað.

Í tilefni orða Óskars Magnússonar um ósamlyndi innan kirkjunnar væri nauðsynlegt að gefa þessum málum gaum og gera sér grein fyrir því hvað sundurlyndið innan kirkjunnar hefði rýrt það traust sem fólkið bæri til kirkjunnar. Skortur á trausti væri mesta áhyggjuefnið sem Þjóðkirkjan þyrfti nú að horfast í augu við. Efla yrði samheldni og einingu innan Þjóðkirkjunnar svo að hún gæti veitt nauðsynlega forystu í siðferðis- og trúarefnum. Sá sem væri veikur fyrir gæti enga forystu veitt.

6. Samþykktir Prestastefnu og Leikmanna stefnu.

Sr. Jón Ragnarsson kynnti samþykktir Prestastefnu. Hann brást fyrst við ræðu Péturs og sagði það skoðun sína að takmarka ætti embættistíma biskups og þeir hyrfu aftur til prestsþjónustu að embættistíma loknum. Einnig að skipunartími þeirra væri 5 ár og möguleiki á einni framlengingu.

Samþykktir prestastefnu 2010 voru þrjár. Sú fyrsta hvatti til samstöðu, þolgæðis og vonar á erfiðum tímum. Fagnað er útkomu Rannsóknarskýrslu Alþingis og þakkað fyrir þann grunn sem skýrslan veitir til uppbyggingar og endurreisnar í íslensku þjóðfélagi. Hreinskilið og undanbragðalaust uppgjör skiptir nú afar miklu máli og hvatt er til að umbótaviljinn sem skýrslan vekur sé virkjaður. Þá var áréttað mikilvægi bjartsýnnar lífsafstöðu, trausts og trúnaðar við kristin gildi og mun nú sem endranær hafa umhyggju, kærleika og réttlæti til grundvallar starfi sínu. Stór hluti ungra fjölskyldna á Íslandi á í efnahagslegum þrengingum. Skorað var á stjórnvöld að tryggja viðunandi ytri umgjörð fyrir heill og velferð sérhvers barns. Áréttað mikilvægi heimila og skóla í uppeldi og menntun ungrar kynslóðar til heilbrigðra lífshátta og tileinkunar kristinna lífsgilda.

Önnur ályktunin var um að kirkjustjórnin léti kanna viðhorf og traust fólks til stofnana og starfsþátta Þjóðkirkjunnar.

Þriðja og síðasta ályktunin hvatti til umræðu um starfshætti Þjóðkirkjunnar til að marka skýra og skilvirka stefnu hennar. Að tekin verði saman skýrsla um Þjóðkirkjuna og bankahrúnið þar sem leitast verði við að greina styrkleika og veikleika í störfum kirkjunnar gagnvart anda og iðju sem hér þreifst fyrir bankahrúnið og þeim áföllum sem dundu á þjóð og einstaklingum við hrun bankanna.

Sr. Baldur Kristjánsson tók til máls og sagði frá því að þjóðmálanefndin, sem hann hefur formennsku fyrir, hafi haldið fundi um hrúnið en gagnrýnd fyrir að þeir voru í Reykjavík. Boðið var upp á fundina víðar, en viðbrögðin voru lítil. Hann þakkaði Pétri góð orð um þjóðmálanefndina. Haldin hafa verið tvö málþing, hið fyrra um staðgöngumæður og hið síðara um jafnrétti/misrétti.

Þórunn Ragnarsdóttir sóknarnefndarformaður Árbæjarsóknar var fulltrúi á Leikmannastefnu. Hún hvatti fundarfólk til að halda vörð um sóknargjöldin og að ekki megi láta það líðast að þau lækki

sífelld. Hún greindi frá því að á leikmannastefnu hafi verið rætt um að skerða fulltrúafjölda en ekki veitir af að halda því fyrirkomulagi sem er, en hún vissi ekki hvert stefndi.

Sr. Halldór Gunnarsson vildi í framhaldi orða Þórunnar nefna það að ekki þurfi að biðja um neitt gagnvart sóknargjöldunum. Í lögum um sóknargjöldin frá 1911-1912 var heimilt að leggja á tvöfalt sóknargjald. Lögin frá 1987 kveða á um að sóknargjöldin séu greidd af ríkissjóði og Jöfnunarsjóður varð til. Að ríkið skulu fara í þetta aftur og aftur er óþolandi, sagði hann. Nú eru embættismenn og þingmenn sem ekki þekkja þessa sögu.

Kaffihlé.

7. Deildarskipan þjónustu kirkjunnar.

Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari kynnti samstarfssvæðishugmyndina sem hann sagði byggja á því hvernig við getum tryggt þjónustuna og verið til umræðu á Kirkjuþingi síðan 2006. Verið er að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að tryggja þjónustu innan svæðisheildar. Svárið við því er samstarfssvæði. Það er ekki verið að kollvarpa einu eða neinu og því síður verið að draga upp heilstæða mynd af því sem gerist innan kirkjunnar.

Hann sagði eitt af lykilatriðunum vera að skilgreina hvaða þjónustu sóknarborn má búast við að fá í tiltekinni sókn. Sóknin er frumeining grunnþjónustunnar. Verum minnug þess að 80% íbúa landsins eru skráð í þjókkirkjuna, sagði hann, og miðað er við þá tölu en ekki við íbúa landsins. Hann minnti á að kirkjan dafnar án mikils umbúnaðar og aðbúnaðar. Annar þáttur væri að við höfum ekki ótakmarkað fé. Þorvaldur minnti á það að kirkjan er ekki stofnun. Hún er samfélag. Samfélag í trú og gleði er eitt af hugtökunum. Allar sóknir skulu setja sér fimm áhersluþætti varðandi safnaðarstarf og gera áætlun um hvernig þeim er sinnt. Þeir eru; helgihald, boðun og fræðsla, kærleiksþjónusta sálgæsla og hjálparstarf, menning og listir, staðbundin þjónusta og nýja leiðir. Leiðin sem fara á er að starfa nánar saman, þar sem það á ekki að leggja niður eina einustu sókn. Tillagan hljóðar upp á 31 samstarfssvæði, en hún getur orðið hvað sem er. 9 manna nefnd var skipuð alls staðar af landinu til að hafa auga með þessu verkefni.

Þorvaldur benti á að við bærum ábyrgð á 210 friðunum kirkjum. Hver kirkjugarður væri sömuleiðis listaverk. Hann sagði að kirkjunnar væri þeir staðir sem flestir erlendir ferðamenn skoðuðu á Íslandi.

Hann sagði að í góðu samfélagi kæmu jafnan fram lausnir og það sé verið að efla það að menn tali saman til að tryggja grunnþjónstuna og sameinast um hana. Kirkjuþing leggur til að þessu skuli verið komið á fyrir árslok 2011 og kynningarfundir haldnir í vor eða haust og starfsáætlun unnin á hverju svæði. Leiðtogi hvers svæðis kallar samstarfsaðila saman og farið er yfir skipulag eins og að liggur fyrir, breyta ef þurfa þykir. Stöðumat verði síðan gert eftir áramót og farið yfir hvernig gekk. Síðan á að halda fund með vorinu 2012. Það vakir fyrir er að styrkja og tryggja þjónustu kirkjunnar um allt land.

Sr. Sigurður Kr. Sigurðsson spurði hvort það ætti að líta á þetta sem hugmyndir sem gætu breyst í meðferðum sókna. Það þurfi að gera sér grein fyrir vegalengdum innan samstarfssvæða. Hann velti því fyrir sér hvort þetta sé upphafið af því að einungis verði sinnt Þjóðkirkjufólki.

Þorvaldur svaraði því til að við þjónum t.d. ekki kaþólskum og að sjálfsaðögu neitar enginn Þjóðkirkjuprestur fólki úr öðrum trúfélögum um þjónustu, en það á ekki að miða grunnþjónustu við þá sem eru ekki innan Þjóðkirkjunnar.

Haraldur Júlíusson sóknarnefndarformaður Akureyjarsóknar ræddi um opnar kirkjur. Í fyrra kom bréf frá Biskupsstofu að rétt væri að hafa þær lokaðar og síðan þá hafði Akureyrarkirkja verið lokað. Tryggingar gilda ekki ef kirkjunnar eru ekki læstar. Hann taldi nauðsynlegt að skoða þessi mál.

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis 2011

Pétur Hafsteinn tiltók að í Þjóðkirkjufrumvarpi væru þau nýmæli, að allir landsmenn eigi kost á kirkjulegri þjónustu eftir því sem þeir kjósa og Þjóðkirkjan sé opin kirkja. Til að geta risið undir Þjóðkirkjunafni þarf svo að vera.

Ómar Halldórsson fulltrúi Stórolfshvolssóknar ræddi um opnar kirkjur eða læstar og nefndi að kaþólska kirkjan hefur aðstöðu í Stórolfshvolfskirkju einu sinni í mánuði og það er sjálfsagt mál.

Sr. Jón Ragnarsson sagði að Hveragerðiskirkja væri opin að degi til á sumrin án vörslu, og hefði gengið vel. Velti því upp hvort það væri möguleiki fyrir minni kirkjur að hafa þær opnar á auglýstum tímum.

Sr. Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur í Odda sagðist ævinlega tala fyrir auknu samstarfi og skipulagi. Það er margt sem má laga og bæta. Líkti samstarfinu við búateppi, hver bútur er viðkomandi sókn, sem síðan myndar teppið.

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir áréttaði að samstarfssvæðin eigi að vera komin á laggirnar fyrir árslok 2011 eins og tillögur kirkjuþings mæla til um.

8. Kosningar.

Enurnýjuð var kosning sr. Eiríks Jóhannssonar í héraðsnefnd til 2 ára og sr. Haraldar Kristjánssonar sem varamanns og það var gert með lófataki.

Fulltrúar á leikmannastefnu skulu vera fjórir. Tillaga að fyrsti varamaður yrði fjórði aðalmaður og kjósa tvo varamenn Fulltrúar á leikmannastefnu til næstu fjögurra ára eru þá: Þórunn Ragnarsdóttir, Reiðholti, Guðný Guðnadóttir, Ránarbraut 13, Vík, Garðar Hannesson, Heiðarbrún 31, Hveragerði og Gunnlaugur Þröstur Höskuldsson, Miðtúni 16, Höfn. Varamenn: Sigríður Kristjánsdóttir, Brimhólabraut 19, Vestmannaeyjum, Ellen Huldís Ólafsdóttir, Reykjabraut 11, Þorlákshöfn, Kristbjörg Hilmarsdóttir, Þykkvabæjarklaustri og Sigríður Viðarsdóttir, Miðtúni.

9. Önnur mál.

Hafsteinn Stefánsson situr í fulltrúarráði Hjálparstarfssins. Hann sagði frá því að fækkað hefur í fulltrúarráðinu þar sem prófastsdæmunum hefur fækkað. Ráðið sjálft leggur til breytingar á fulltrúafjölda en ekki Kirkjuþing. Hann lagði til að fulltrúi frá Hjálparstarfinu kæmi til kynningar á næsta héraðsfund.

Sigrún Sigurgerisdóttir sóknarnefndarformaður Hofssóknar í Öræfum þakkaði sr. Einar Jónssyni sóknarpresti á Kálfafellsstað fyrir vel unnin störf á undanförunum árum. Það er eftirsjá í hugum sóknarbarna, sagði hún, þó maður komi í manns stað. Hún spurði hvert framhaldið yrði með prestakallið.

Prófastur svaraði því til að bréf hafi borist frá Biskupsstofu þess efnis að Hafnarprestakall og Kálfafellstaðarprestakall sameinast. Rætt hafði verið um að ráðið yrði í hálfu preststöðu til þjónustu í Kálfafellsprestakalli, en það verður ekki af því þar sem ekki eru til neindir fjármunir. Þannig er staða mála. Hún taldi að sóknunum hefðu borist bréf frá Biskupsstofu þar að lútandi. Pétur Hafstein upplýsti að það hefði verið samþykkt heimild um fjárveitingu til hálftrar stöðu á Kirkjuþingi 2010, en það væri á valdi biskups hvort sú heimild verði nýtt.

Margét Jónsdóttir kirkjuþingsmaður þakkaði fyrir stuðninginn við kosningu til Kirkjuþings. Hún vonaðist til að vinna kirkjunni gagn.

Sigríður Bergsteinsdóttir fulltrúi Selfossóknar, sagði frá starfinu í Selfoskirkju. Þau fengu Ninnu Sif sem æskulýðsfulltrúa og hefur hún verið með lífsleikni í Fjölbrautarskólanum á Selfossi og

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis 2011

Laugarvatni. Hún sagði það vera frábært að hafa starfsmann í því starfi og þætti miður ef það félli niður.

Eysteinn Jónasson sóknarnefndarformaður á Selfossi tók til máls vegna orða um málefni Selfoss fyrr á fundinum og sagði það vera miður það sem hefur farið í fjölmiðla, og tók fram að sóknarnefndin hefur ekkert látið frá sér fara og hann velti því fyrir sér hvaðan áróðurinn kemur. Blöðin snéru út úr í umfjöllun sinni, og hann taldi að sóknarfólkið sem umhugað væri um kirkjuna væri að gera rétt og sóknarnefndin væri samhent. Vandamálín ætlum við að reyna að leysa á heimavelli, sagði hann að lokum. Hann tók undir orð Sigríðar um starf æskulýðsfulltrúans.

Prófastur útskýrði að upphaflega hafi verið ákveðið að styðja við starf æskulýðsfulltrúa um eins árs skeið, og síðan var það framlengt um eitt á til viðbótar. Sá kostnaður hefur numið tæplega 2 milljónum króna á ári. Nú hefur orðið mikil skerðing á framlagi til héraðssjóðs og er ársframlag áætlað rúmar 5 milljónir og því ekki lengur grundvöllur til stuðnings.

Drífa Hjartardóttir sóknarnefndarformaður Keldnakirkju, þakkaði fyrir upplýsandi ræður Péturs og Þorvaldar. Hún nefni að hún kæmi úr fámennustu sókninni sem telur 3 fjölskyldur. Hún hlakkaði til samvinnunnar og ítrekaði að kynningin á samstarfssvæðunum leiddi annað í ljós en hún hélt að væri í farvatninu og þakkaði kærlega fyrir frábæran héraðsfund.

Jón Helgason sóknarnefndarformaður Prestbakkasóknar og fundarstjóri kynnti að komið væri að fundarlokum. Hann þakkaði fyrir samveruna hér. Hann vitnaði í sjónvarpsþáttinn “Hvert stefnir Íslands” og tók undir með þeim sem þar ræddu vandamál þjóðarinnar í dag að Íslendingar virtust enn vera á villigötum eins og aðrar þjóðir með því að ætla að hafa taumlausa græðgi að leiðarljósi. Peningar væru nauðsynleg tæki, eins og önnur verðmæti, en þeir mættu ekki ráða ferðinni. Það skapaði óviðráðanlega ásókn í óseðjandi þarfir og völd.

Einu leið þjóðarinnar út úr ógöngunum töldu þeir vera gjörbreyttan hugsunarhátt og vinnubrögð. Menn verði að ræða saman af góðvild og virðingu fyrir náunganum til að byggja upp farsælt samfélag til framtíðar, það er samfélag góðvildar, þar sem ánægja og gleði ráði ferðinni. Þó að viðmælendur nefndu af einhverjum ástæðum ekki beint kærleikann til náungans, var augljóst að hann átti að verða leiðarljósið að þessu samfélagi framtíðarinnar.

Jón vitnaði í bók Bill Hybels, sem er forstöðumaður í stórum og gróskumiklum söfnuði í Bandaríkjunum og tók undir skoðun hans og von að það séu safnaðarleiðtogarnir og kirkjusöfnuðirnir sem séu von heimsins því það eru kirkjurnar sem geta orðið það frelsandi afl, sem Jesús ætlaði þeim að verða. Öflug kenning, skapandi tilbeiðsla, innilegt samfélag, áhrifarík predikun og hjartanleg þjónusta geta glætt huga og hjörtu safnaðarins, eflt fjölskylduböndin, umbreytt samfélaginu og breytt heiminum.

Það má óbeint segja að söfnuðirnir, ýmist stórir eða smáir, eru okkar “næsti heimur”, sagði hann. Þeir skifta okkur því mestu máli. Og innan safnaðanna geta allir lagt sitt lóð á vogarskálina til að skapa góðvildartilfinningu til náungans. Leggi söfnuðirnir síðan saman krafta sína, geta þeir með sameiginlegu átaki unnið kraftaverk.

Að lokum þakkaði hann fyrir að fá að taka þátt í þessum ágæta fundi, og bar fram þá ósk, að söfnuðum okkar, fyrst hverjum fyrir sig og síðan í sameiningu, megi takast sem best að bæta og efla samfélagið með því að sýna nægilega vel í verki mátt kenningarinnar um kærleika til náungans, sem nú virðist vera horft vonaraugum til, að sé haldreipið í þrengingum samtímans.

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir prófastur þakkaði Jóni Helgasyni fyrir fundarstjórnina og þakkaði einnig allt það mikla og góða starf sem er unnið um héraðið. Kirkjan, sagði hún, hefur mikilvægu hlutverki að gegna og um hana viljum við standa vörð um leið og við mætum trúarþörf samtímans með næringu hins heilnæma orðs fagnaðarerindisins. Kirkjan hefur snertiflöt við heimili og stofnanir samfélagsins og með því að sinna boðun sinni gegnum fræðslustarf safnaðanna,

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis 2011

barnastarf, fermingarfræðslu, sálgæslu og helgihald, vill Þjóðkirkjan greiða veg kristnu siðgæði og veita leiðsögn og stuðla að umhyggju og umburðarlyndi, virðingu fyrir manngildinu og lotningu fyrir lífinu. Hún bað góðan Guð að blessa allt kirkjustarf og óskaði fundarfólki góðrar heimferðar og sagði héraðsfundi er slitið. Að því loknu risu fundarmenn úr sætum og sungu sálminn Son Guðs ertu með sanni.

Fundarfólk á Héraðsfundi Suðurprófastsdæmi, haldinn að Klaustri, laugardaginn 26. mars 2011.

Axel Árnason Njarðvík	héraðsprestur
Baldur Kristjánsson	Þorlákshöfn
Bára Sólmundsdóttir	Hlíðarendasókn
Bergdís Jóhannsdóttir	Grafarsókn
Birgir Thomsen	Sólheimar
Díana Ágústsdóttir	Eyvindarhólasókn
Drífa Hjartardóttir,	Keldnasókn
Einar G. Jónsson	Kálfafellsprestakall
Elínborg Sváfnisdóttir	Skarðssókn
Eysteinn Ó. Jónasson	Selfosssókn
Fanney Jóhannsdóttir	Langholtssókn
G. Berglind Pálmadóttir	Miðdalssókn
Gísli H. Magnússon	Grafarsókn
Guðbjörg Arnardóttir	Oddaprestakall
Guðmundur Örn Jónsson	Vestmannaeyjaprestakall
Guðni Már Sveinsson	Langholtssókn
Guðný A. Valberg	Eyvindarhólasókn
Guðrún Jóhannsdóttir	Ofanleitissókn
Gunnlaugur Höskuldsson	Skaftafellssókn
Hafsteinn Stefánsson	Hraungerðissókn
Halldór Bjarni Mariásson	Mosfellssókn
Halldór Gunnarsson	Holti
Halldóra J. Þorvarðardóttir	prófastur
Haraldur Júlíusson	Akureyjarsókn
Haraldur M. Kristjánsson	Víkurprestakall
Helga Baldursdóttir	Hveragerðissókn
Helga Fjöla Guðnadóttir	Skarðssókn
Helga Halldórsdóttir	Víkursókn
Helgi Ingvarsson	Hlíðarendasókn
Hjörleifur Brynjólfsson	Þorláks- og Hjallasókn
Hreinn Eiríksson	Bjarnanessókn
Ingólfur Hartvigsson	Kirkjubæjarklaustursprestakall
Íris Björk Sigurðardóttir	Oddasókn
Jón Helgason	Kirkjubæjarklaustursprestakall
Jón Ólafsson	Laugardælasókn
Jón Ragnarsson	Hveragerðisprestakall
Jóna St. Sveinsdóttir	Árbæjarsókn
Katrín Ólafsdóttir	Hrepphólasókn
Kristbjörg Hilmarsdóttir	Þykkvabæjarklausturssókn
Kristín Jóhannesdóttir	Höfn
Kristján Valur Ingólfsson	Þingvallaprestakall
Lisa Thomsen	Mosfellsprestakall
Magnús Kristinsson	Ofanleitissókn
Margrét Jónsdóttir	Gaulverjabæjarsókn
María Kjartansdóttir	Selfosssókn

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis 2011

Marta Esther Hjaltadóttir	Hrunasókn
Már Ólafsson	Gaulverjabæjarsókn
Ómar Halldórsson	Stórolfshvolssókn
Óskar Hafsteinn Óskarsson	Selfosssókn
Óskar Magnússon	Breiðabólstaðarsókn
Pétur Hafstein	Kirkjuþing
Ragnheiður Hlín Símonardóttir	Prestbakkasókn
Rósa Haraldsdóttir	Laugardælasókn
Rúnar Þór Egilsson	Mosfellsprestakall
Samúel Smári Hreggviðsson	Stokkseyrarsókn
Sigríður Bergsteinsdóttir	Selfosssókn
Sigríður Kristjánsdóttir	Ofanleitissókn
Sigríður Viðarsdóttir	Stófolfshvolssókn
Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir	Ofanleitissókn
Sigrún Sigurgeirsdóttir	Hofssókn
Sigurbjörn Karlsson	Kálfafellsstaðarsókn
Sigurður Kr. Sigurðsson	Höfn
Sigurjón Bjarnason	Skarðssókn
Sólveig Þórðardóttir	Villingaholtssókn
Sveinbjörn Jóhannesson	Þingvallasókn
Sveinn Valgeirsson	Eyrarbakkaprestakall
Sæunn Sigurlaugsdóttir	Skeiðflatarsókn
Valdimar Gíslason	Laugarvatn
Þorvaldur Karl Helgason	Biskupsstofa
Þórdís Ingólfssdóttir	Hagasókn
Þórunn Júlíusdóttir	Prestsbakkasókn
Þórunn Ragnarsdóttir	Árbæjarsókn
Önundur Björnsson	Breiðabólstaðarprestakall
Örn Arnarson	Hafnarsókn